

Starf auglýst til umsóknar:

## **Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja**

Óskað er eftir öflugum stjórnanda í stöðu forstöðumanns nýs Þekkingarseturs Suðurnesja sem staðsett er að Garðvegi 1 í Sandgerði.

Meginhlutverk Þekkingarsetursins er að stuðla að rannsóknum og vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum. Setrinu er jafnframt ætlað að stuðla að margvíslegri háskólakennslu og fræðslustarfsemi og efla tengsl atvinnulífs, rannsókn- og fræðastarfs á svæðinu. Þannig skal stefnt að auknu frumkvöðlastarfi og nýsköpun, ásamt eflingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu.

### **Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja ber m.a. ábyrgð á:**

- öflun styrkja úr samkeppnissjóðum og utanumhald um styrkumsóknir,
- stefnumótun og útfærslu á starfsemi Þekkingarsetursins,
- fjármálum og rekstri,
- þróun samstarfsverkefna,
- starfsmannamálum,
- tengslum við innlenda og erlenda aðila.

### **Umsækjendur skulu hafa:**

- háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi,
- hæfni, þekkingu og reynslu á rannsóknaukhverfi,
- reynslu af stjórnun og stefnumótun,
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- leiðtogaþæfileika,
- góða samskiptahæfni,
- gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram efni á skýran hátt.

Með umsókn skal fylgja kynningarbréf auk yfirlits um námsferil og fyrri störf (CV).

Umsóknir skulu merktar „**Þekkingarsetur Suðurnesja**“ og berast á rafrænu formi til Sandgerðisbæjar á netfangið: [sandgerdi@sandgerdi.is](mailto:sandgerdi@sandgerdi.is). fyrir **1. september**. Öllum umsóknum verður svarað.